



Velferðarráð Kópavogs  
Karen E. Halldórsdóttir, formaður

Kópavogi, 15. nóvember 2021  
2111423/999.00 AKG

### **Staða mála í félagslegri heimaþjónustu: Innlit og nýjar umsóknir.**

Á fundi velferðarráðs þann 25. október sl. kom fram beiðni um að teknar yrðu saman upplýsingar um stöðu mála í félagslegri heimaþjónustu, sérstaklega hvað varðar innlitsþjónustu og nýjar umsóknir. Miða neðangreindar tölur við mánaðarmótin október/nóvember 2021.

Nýjar umsóknir um félagslega heimaþjónustu eru 200 það sem af er árinu. Er það töluverð aukning frá síðasta ári, en þá var heildarfjöldi nýrra umsókna 197. Hér má sjá fjölda nýrra umsókna frá árinu 2017.

| Ár   | Fjöldi nýrra umsókna |
|------|----------------------|
| 2017 | 179                  |
| 2018 | 147                  |
| 2019 | 175                  |
| 2020 | 197                  |


Félagsleg heimaþjónusta var veitt á 736 heimilum í september og október sl.

Samþykktur stöðugildafjöldi í félagslegri heimaþjónustu er 35,2. Þar af sinna fjórir starfsmenn í fullu starfi innlitum, auk þess sem einn innlitsstarfsmaður er staðsettur í Roðasölum. Innlitsþjónusta á vegum velferðarsviðs er veitt á dagvinnutíma en þjónustu sem veitt er á kvöldin og um helgar er stýrt af Heimahjúkrun höfuðborgarsvæðisins á grundvelli samstarfssamnings við bæjarfélagið.

Innlitsþjónusta er veitt vegna heilsufars eða félagslegra aðstæðna. Innlit eru í flestum tilfellum veitt til viðbótar við aðstoð við heimilishald og gjarnan til skemmri tíma vegna veikinda eða slysa. Í innlitsþjónustu felst aðstoð við athafnir dagslegs lífs (ADL), þ.e. aðstoð á matmálstímum, aðstoð við klæðnað, minna á lyfjatöku, öryggisinnlit, öryggisviðvera við böðun, aðstoð við innkaup, fylgd í ferðaþjónustubíl eða félagsstarf. Einnig getur þjónustan falið í sér félagslega samveru, s.s. gönguferðir og spjall. Innlitsþjónusta er einungis veitt til notenda sem teljast hafa mikla þörf fyrir þjónustu. Í því felst að þjónustan er í forgangi og má ekki falla niður. Ekki er innheimt gjald fyrir innlit.

Meðalfjöldi notenda innlita fyrstu tíu mánuði ársins 2021 var 93 á mánuði og meðallengd hverrar heimsóknar rúmlega 30 mínútur. Árið 2020 var meðalfjöldi notenda innlita 77 á mánuði, en meðallengd hverrar vitjunar tæplega 50 mínútur.

Í september 2021 voru innlitsheimsóknir alls 797, til 94 notenda. Þriðjungur vitjana var vegna stuðnings við athafnir daglegs lífs og fjórðungur fólst í öryggisinnlitum eða öryggisviðveru vegna böðunar. Samþykktir þjónustupættir skiptast á eftirfarandi hátt:



Eins og af ofangreindu má greina hefur bæði orðið aukning á fjölda nýrra umsókna um heimaþjónustu og á þörf fyrir innlitsþjónustu á árinu.

**Viðbótar upplýsingar: Staða mála í þjónustu- og ráðgjafardeild aldraðra í nóvember 2021.**

Vegna langtímaveikinda starfsmanns í innlitum hefur ekki verið unnt að taka inn nýja notendur, nema um mjög brýna þörf sé að ræða. Tólf einstaklingar eru því á biðlista eftir innlitsþjónustu, en aldrei áður hefur verið slík bið eftir þjónustunni þar sem alltaf er reynt að bregðast við nýjum umsóknum um innlit eins fljótt og kostur er. Það er hinsvegar ekki mögulegt í óbreyttu ástandi og ljóst að núverandi mönnun dugar ekki til að sinna þörf fyrir þjónustu. Gríðarlega mikið álag hefur verið á starfsfólk félagslegar heimaþjónustu undanfarið og sér ekki fyrir endann á því. Starfsmenn í innlitum sinna nú að meðaltali 9 heimsóknum á dag og einfaldari verkefni hafa verið færð á starfsmenn sem sinna aðstoð við heimilishald.

Undanfarnar tvær vikur hefur auk þess þurft að virkja viðbragðsáætlun deildarinnar vegna undirmönnunar af völdum langtíma veikinda, tilfallandi fjarvista og mikils fjölda sóttkvía starfsmanna og barna þeirra. Í viðbragðsáætlun er öllum verkefnum deildarinnar forgangsraðað á eftirfarandi hátt:

1. Sólarhringsþjónusta við íbúa í Roðasölum
2. Þjónusta heim (**rauðir**): Minna á lyf, matast, klæðast, baðast, öryggisinnlit
3. Þjónusta heim (**rauðir**): Fylgja í dagdeild/ferðaðþjónustubíl
4. Þjónusta heim (**rauðir**): Búðarferðir
5. Þjónusta heim (**rauðir**): Aðstoð við heimilishald
6. Símatímar og ráðgjöf í síma, skipulagning vinnu heimaliða
7. Dagþjálfun Roðasala
8. Þjónusta heim (**gulir**): Aðstoð við heimilishald
9. Matsheimsóknir, nýtt mat og endurmat
10. Þjónusta heim (**grænir**): Aðstoð við heimilishald. Digi Rehab
11. Málafundir og fundir starfsmanna með sínum þjónustustjóra
12. Fræðslufundir

Vikuna 15. – 19. nóvember 2021 verða þrír af fimm starfsmönnum í dagþjálfun Roðasala frá vinnu vegna veikinda og sóttkvía, og því hafa tveir starfsmenn verið færðir úr aðstoð við heimilishald í dagþjálfun Roðasala. Vegna fjarvista og langtímaveikinda starfsmanna í innlitum hafa starfsmenn einnig verið færðir úr aðstoð við heimilishald í innlit. Það hefur því orðið töluverð þjónustuskerðing í almennri félagslegri heimaþjónustu undanfarið, þ.e. í aðstoð við heimilisþrif og heimaæfingum með Digi rehab.

Með tilheyrandi þjónustuskerðingu vegna undirmönnunar er viðbúið að aðstæður, færni og geta notenda sem bíða þjónustu fari versnandi, á sama tíma og álag á það starfsfólk sem er við störf eykst.

Virðingarfyllst,

---

Anna Klara Georgsdóttir  
deildarstjóri